



**Viðtakandi:** Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

**Sendandi:** Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

### **Samkeppnisútbod nr. 15088 „Stuðningskerfi velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar“**

Tilboð í ofangreindu EES útbóði velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (VEL) voru opnuð á innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar þann 31. maí 2023.

Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði:

1. Memaxi ehf.
2. Anthelm Ráðgjöf ehf.
3. Data Dwell ehf.
4. Origo hf.
5. Gangverk ehf.

Alls voru fjórir viðaukar sendir út á tímabilinu 12. maí til 23. maí 2023. Viðauki 1 innihélt breytingu á frestum, uppfærð gögn og svör við fyrirspurnum. Aðrir viðaukar innihéldu svör við fyrirspurnum.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útbóðslýsingu:

Samið verður við þann aðila sem, að uppfylltum hæfiskröfum til bjóðenda og lágmarkskröfum til verkefnis, á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og annarra matsþátta (gæða) samkvæmt tilboðsblaði.

Verð gildi 28% og aðrir matsþættir (gæði) 72%. Stig fyrir gæði voru gefin fyrir nytsemi kerfis (30%), greinargerð bjóðanda um innleiðingu, framtíðarsýn og samskipti (10%), tímastilltar kröfur (alls 13,6%) og viðbótarmatskröfur (18,4%).

Prófanir á virkni lágmarkskrafna fóru fram dagana 29. og 30. ágúst 2023.

Nytsemisprófanir fóru fram dagana 22. og 23. nóvember 2023.

Kaupandi ákvað að virkja ekki viðræðuprep útbóðsins, líkt og áskilnaður er gerður um í kafla 0.1.4 í útbóðslýsingu.

Tilboð Gangverks ehf. hlaut flest stig samkvæmt framangreindum forsendum. Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð Gangverks ehf. m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og staðfest að Gangverk ehf. uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Velferðarsvið hefur yfirfarið tilboðið og staðfest að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið leggur til að gengið verði að tilboði Gangverks ehf. að fjárhæð 358.000.000 kr. án vsk, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða.

Virðingarfyllst,

Anna Sigrún Baldursdóttir

Skrifstofustjóri skrifstofu öldrunar

**Hjálagt:**

1. Opnunarfundargerð
2. Greinargerð (**trúnaðarmál**)



Reykjavíkurborg

Árið 2023, þann 31. maí kl. 10:15 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í samkeppnisútbóði velferðarsviðs Reykjavíkurborgar nr. 15088 „Heimsóknar- og heimaþjónustulausn velferðarsviðs“.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Á tilboðsfresti voru sendir út fjórir viðaukar.

Tilboð bárust frá eftirtölum aðilum

1 Memaxi ehf.

---

2 Anthelm Ráðgjöf ehf.

---

3 Data Dwell ehf.

---

4 Origo hf.

---

5 Gagnverk ehf.

---

Fleiri tilboð bárust ekki.

Opnun tilboða lokið kl. 10:22